

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 851/2006

2009/EES/11/14

frá 9. júní 2006

um hvaða atriði skuli talin fram undir einstökum liðum á eyðublöðum fyrir bókhaldsyfirlit í
I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1108/70 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1108/70 frá 4. júní 1970 um að koma á bókhaldsyfirliti yfir útgjöld vegna samgöngumannvirkja til flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 9. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2598/70 frá 18. desember 1970 um hvaða atriði skuli talin fram undir einstökum liðum á eyðublöðum fyrir bókhaldsyfirlit í I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1108/70 frá 4. júní 1970 ⁽²⁾, hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ⁽³⁾. Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda reglugerðina.
- 2) Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á að samræma alla vinnu sem leiðir af reglugerð (EBE) nr. 1108/70. Framkvæmdastjórnin ber einkum ábyrgð á að ákvarða hvaða atriði skulu talin fram undir einstökum liðum á eyðublöðum fyrir bókhaldsyfirlit í I. viðauka við þá reglugerð. Samþykkja skal viðeigandi ákvæði til að tryggja að eyðublöð fyrir bókhaldsyfirlit séu notuð á samræmdan hátt í hinum ýmsu aðildarríkjum og að því er varðar mismunandi flutningsmáta.

- 3) Skilgreina skal hugtakið „grunnvirki“ með því að tilgreina mannvirki, byggingar og búnað sem hugtakið nær yfir að því er varðar hvern flutningsmáta og gera skal grein fyrir þeim útgjöldum sem ber að telja fram undir einstökum liðum á eyðublöðum fyrir bókhaldsyfirlitið,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun um hvaða atriði skuli talin fram undir einstökum liðum á eyðublöðunum fyrir bókhaldsyfirlitið, sem sýnd eru í I. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 1108/70, skal tekin í samræmi við I. og II. viðauka við reglugerð þessa.

2. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 2598/70 er felld úr gildi. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvöruntöflunni í IV. viðauka.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. júní 2006.

Fyrir hönd ráðsins,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 158, 10.6.2006, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2007 frá 27. apríl 2007 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 38, 9.8.2007, bls. 28.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 130, 15.6.1970, bls. 4. Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögum frá 2003.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 278, 23.12.1970, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 906/2004 (Stjtið. ESB L 163, 30.4.2004, bls. 49).

⁽³⁾ Sjá III. viðauka.

I. VIÐAUKI

Skilgreining og gildissvið hugtaksins „samgöngugrunnvirki“

Að því er varðar 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1108/70 merkir „samgöngugrunnvirki“ allar leiðir og föst grunnvirki er tengjast þrenns konar flutningsmáta, að því marki sem leiðirnar og grunnvirkin eru nauðsynleg til að tryggja umferð og umferðaröryggi.

A. JÁRNBRAUT

Til járnbrautargrunnvirkja telst eftirfarandi, svo fremi að um sé að ræða aðalspor að meðtöldum þjónustuhliðarsporum en að frátöldum sporum innan viðgerðarverkstæða, brautarverkstæða eða eimreiðaskýla og sporum í einkaeign.

- landsvæði,
- brautarteinar og undirbygging þeirra, einkum jarðvegsfyllingar, skeringar, framræsluskurðir, gryfjur, ræsi, steinlagir og gróður til hlífðar í fláum o.s.frv.,

brautarpallar fyrir farþega og vörur,

brautarkantar og göngustíggar,

steyptar girðingar, limgerði, grindverk,

eldvarnarkantar,

upphitunartæki við skiptispor o.s.frv.,

snjógrindur,
- verkfræðimannvirki:

brýr, ræsi og aðrar vegbrýr, jarðgöng, yfirbyggðir skurðir og önnur undirgöng,

stöðveggir og grindur til varnar snjóflóðum, grjóthruni o.s.frv.,
- mót akvegjar og járnbrautarteina, að meðtöldum búnaði til að tryggja umferðaröryggi á vegum,
- yfirbyggingar, einkum:

teinar, sporteinar og festiteinar,

þverbitar og langbitar, tengihlutar, fylling, þ.m.t. mól og sandur,

sporaskiptingar ýmiss konar,

snúningskringlur og rennibrýr (að undanskildum þeim sem eru eingöngu ætlaðar undir eimreiðar),
- athafnasvæði fyrir farþega og meðhöndlun vara á járnbrautarstöðvum, þ.m.t. aðkeyrsluleiðir frá vegum,
- öryggisbúnaður, merkja- og fjarskiptabúnaður við teina úti á víðavangi, á brautarstöðvum og á röðunarsvæðum vagna, þ.m.t. stöðvar sem framleiða, breyta og dreifa rafstraumi til merkja- og fjarskiptabúnaðar,

byggingar sem tilheyra slíkum mannvirkjum,

teinahemlar,
- lýsingarbúnaður fyrir umferð og til öryggis,
- stöðvar sem breyta og veita rafstraumi til að knýja lestir: undirstöðvar, rafmagnskaplar milli undirstöðva og tengivíra, ökuleiðarar með tilheyrandi búnaði, þriðji-teinn ásamt burðarstöngum,
- þjónustubyggingar vegna járnbrautargrunnvirkja, þ.m.t. byggingar þar sem farseðlar eru seldir og flutningsgjöld innheimt.

B. VEGIR

til vegagrunnvirkja telst eftirfarandi:

- landsvæði,
- undirbygging vegar:
 - skeringar, fyllingar, framræslurásir o.s.frv.,
 - stuðnings- og bakfyllingar,
- yfirbygging vegar og frágangsverk:
 - slitlag, þ.m.t. bindilag, kantsteinar, miðeyjar, vatnsrásir og aðrar frárennslislagnir, vegaxlir og önnur stæði þar sem leggja má óökufærum ökutækjum, útskot og áningarstaðir við vegi (vegir fyrir aðkomuleiðir og bílastæði og umferðarmerki), bifreiðastæði í þéttbýli á svæðum sem eru í eigu hins opinbera, allur gróður og annar frágangur, öryggisbúnaður o.s.frv.,
- verkfræðimannvirki:
 - brýr, ræsi, vegbrýr, jarðgöng, grindur til varnar snjóflóðum og grjóthruni o.s.frv.,
 - mót akvegjar og járnbrautarteina,
 - umferðarljós, leiðamerki og fjarskiptabúnaður,
 - veglýsing,
 - tollskýli, stöðumælur,
 - þjónustubyggingar vegna vegagrunnvirkja.

C. SKIPGENGAR VATNALEIÐIR

Til grunnvirkja er tilheyra skipgengum vatnaleiðum telst eftirfarandi:

- landsvæði,
- siglingaleið (jarðvinnuverk, skurðrásir og klæðningar, syllur, rofveggir, garðar, dráttarleiðir og þjónustuvegir), bakkavarnir, vatnsflutningabrýr, sigrásir og opnar rásir, vatnsgöng, kvíar sem eru eingöngu notaðar sem skipalægi,
- öryggisbúnaður til lokunar á vatnsfarvegi, yfirföll til að hleypa af vatni sem safnast hefur upp milli tveggja flóðgátta, miðlunarlón til vatnssöfnunar eða stjórnunar á vatnsborði, geymar til stýringar á vatnsrennslis og vatnsmagni, rennslismælur, vatnshæðarmælur og viðvörðunarbúnaður,
- stíflur eða stíflugarðar (mannvirki byggt þvert yfir árfarveg til að tryggja nægjanlegt dýpi fyrir siglingar og til að draga úr vatnshraða með því að skapa straumlítil svæði), tengdur búnaður (fiskistigar, yfirföll eða neyðarlokur til að taka við flóðvatni),
- skipalokur, lyftur og bátarennur, þ.m.t. biðkvíar og þrær til vatnsjöfnunar,
- legufæri og viðlegukantar (bólfæri, staurar, pollar, spor og þybbur),
- hreyfanlegar brýr,
- búnaður fyrir leiðamerki og siglingamerki, ásamt öryggis-, fjarskipta- og lýsingarbúnaði,
- búnaður til umferðarstjórnunar,
- tollskýli,
- þjónustubyggingar vegna grunnvirkja sem tengjast skipgengum vatnaleiðum.

II. VIÐAUKI

Skilgreiningar á þeim útgjöldum sem skylt er að bókfæra undir einstökum liðum á eyðublöðum fyrir bókhaldsyfirlit það sem sýnt er í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1108/70

A. ALMENN ATRÍÐI

1. Í ákvæðum 2. mgr. 2. gr. framangreindrar reglugerðar segir að telja skuli fram í bókhaldsyfirlitinu þau útgjöld sem stofnað er til beinlínis í þeim tilgangi að standa straum af kostnaði við vinnu, þjónustu og birgðahald sem tengist byggingu, viðhaldi, rekstri og stjórnun samgöngugrunnvirkja. Þessi ákvæði skulu því ekki gera ráð fyrir að árlegar fjárveitingar til endurnýjunar eða til tryggingasjóða eða varasjóða, sem stofnaðir eru til að mæta seinni tíma útgjöldum, séu bókfærðar.

2. Útgjöld sem bókfæra skal fyrir grunnvirki undir einstökum liðum á eyðublöðunum fyrir bókhaldsyfirlit skulu vera heildarútgjöld, án tillits til þess hvernig þau eru fjármögnuð.

Falli útgjöld vegna eins og sama grunnvirkis beint eða óbeint undir tvær eða fleiri stjórnsýsludeildir skulu einungis nettóútgjöld þau sem hægt er að heimfæra á hverja deild um sig talin með í bókhaldsyfirliti þeirrar deildar. Fáir stjórnsýsludeildir endurgreiðslur frá opinberum yfirvöldum skal draga þær fjárhæðir frá útgjöldum þeirra. Að því er varðar járnbrautir, skal telja fram sérstaklega þær fjárhæðir sem koma til frádráttar. Er þar einkum um að ræða bætur sem greiddar eru vegna:

- útgjalda vegna samgöngugrunnvirkja (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1107/70 ⁽¹⁾ b-liður 1. mgr. 3. gr.),
- greiðslna í sambandi við eftirlaun og annars konar lífeyri (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1192/69 ⁽²⁾ c-liður 1. mgr. 4. gr., undirflokkur III.

3. Verðmæti búnaðar eða tækja sem ekki eru lengur í notkun, hvort sem þau eru seld eða tekin aftur í notkun, skal færa á móti útgjöldum undir samsvarandi liðum á eyðublaði bókhaldsyfirlitsins, með fyrirvara, að því er varðar járnbrautir, um sérákvæði sem kunna að vera í samningum milli járnbrautafyrirtækja og opinberra yfirvalda.
4. Útgjöld vegna kaupa, viðhalds og notkunar á sérhönnuðum tækjum og verkfærum sem viðkomandi grunnvirkjadeild notar ásamt útgjöldum vegna þjónustuflutninga í þágu þeirrar deildar, skulu bókfærð undir samsvarandi liðum á eyðublöðum bókhaldsyfirlitsins eða, ef það er ekki gert, undir liðnum „almenn útgjöld“.
5. Útgjöld er varða verkstæði og birgðageymslur skulu að öllu jöfnu talin með í reikningsverði vara og varahluta viðkomandi grunnvirkjadeildar. Ef ekki er unnt að flokka þessi útgjöld á þennan hátt skulu þau bókfærð undir liðnum „almenn útgjöld“.

B. ATRÍÐI SEM FALLA UNDIR EINSTAKA LIÐI

1. **Liðir sem eiga við um þrenns konar flutningsmáta**

— *Útgjöld vegna fjárfestinga (liðir A 1, B 1, C 1)*

Útgjöld vegna fjárfestinga teljast öll útgjöld (vegna starfsmannahalds, vara og þjónustu sem þriðji aðili veitir) í sambandi við nýsmíði, stækkun, endursmíði og endurnýjun búnaðar samgöngugrunnvirkja, þ.m.t. aukaútgjöld og útgjöld vegna rannsókna í þágu verksins. Þessi skilgreining útilokar þó ekki að sum minni háttar útgjöld séu, í samræmi við ákvæði í landslögum, færð undir liðnum „rekstrarútgjöld“.

— *Rekstrarútgjöld (liðir A 2, B 2, C 2)*

Rekstrarútgjöld eru heildarútgjöld (vegna starfsmannahalds, vara og þjónustu sem þriðji aðili veitir) í sambandi við viðhald og rekstur samgöngugrunnvirkja.

⁽¹⁾ Stjórn. EBL 130, 15.6.1970, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 543/97 (Stjórn. EBL 84, 26.3.1997, bls. 6).

⁽²⁾ Stjórn. EBL 156, 28.6.1969, bls. 8. Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.

— *Almenn útgjöld (liðir A 3, B 4, C 4)*

Til almennra útgjalda teljast heildarútgjöld stjórnsýslu-, umsjónar-, og eftirlitsdeildanna, sem bera sérstaka ábyrgð á gerð og rekstri samgöngugrunnvirkja, ásamt þeim hluta útgjalda sem til er stofnað vegna samgöngugrunnvirkja á vegum þeirra almennu stjórnsýsludeilda er hlut eiga að máli. Almenn útgjöld teljast einnig þau útgjöld sem ekki falla undir neinn annan lið á eyðublöðum bókhaldsyfirlitsins.

Hér er einkum um að ræða eftirfarandi útgjöld:

- launagreiðslur til starfsmanna og rekstrarkostnaður við stjórnsýslu- og tæknideildir, hvort sem þær eru aðalskrifstofur, svæðisskrifstofur eða enn minni einingar, kostnaður við eftirlit og úttekt á vinnu,
- eftirlaunagreiðslur vegna fastráðinna starfsmanna og önnur launatengd gjöld (fjölskyldugreiðslur, sjúkrabætur, slysabætur, greiðslur í sérstakan eftirlaunasjóð starfsmanna annarra en fastráðinna o.s.frv.),
- útgjöld vegna íbúðarhúsnæðis, sem starfsmenn er vinna í tengslum við samgöngugrunnvirki fá afnot af, að frátalinni leigu fyrir það ef um slíkt er að ræða,
- útgjöld vegna þjónustubygginga viðgerða- og viðhaldsdeilda (einkum skýli og áhaldageymslur), hafi slík útgjöld ekki verið bókfærð undir öðrum liðum á eyðublöðum bókhaldsyfirlitsins.

2. **Sérstakir liðir fyrir vegi**

— *Útgjöld vegna viðhalds á slitlagi vega (liður B 20)*

Til þessara útgjalda teljast einkum útgjöld vegna vinnu í sambandi við burðarþol vega með tilliti til álags. Þar með eru talin útgjöld vegna viðgerða á sveigjanlegu slitlagi og útgjöld til viðhalds á hörðu slitlagi.

— *Löggæsla á vegum (liður B 3)*

Útgjöld vegna löggæslu á vegum eru heildarútgjöld sem stofnað er til vegna löggæslu, umsjónar og eftirlits með allri umferð, þ.m.t. útgjöld vegna bygginga, ökutækja og sérstaks búnaðar til slíkra nota.

3. **Sérstakir liðir fyrir skipengar vatnaleiðir**

— *Löggæsla á vatnaleiðum (liður C 3)*

Til útgjalda vegna löggæslu á skipengum vatnaleiðum teljast öll útgjöld vegna löggæslu á þeim leiðum, þ.m.t. útgjöld vegna bygginga, bryggja og skipa sem eru sérstaklega ætluð til þessa.

III. VIÐAUKI

Niðurfelld reglugerð með breytingum

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2598/70 (Stjtið. EB L 278, 23.12.1970, bls. 1)

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2116/78 (Stjtið. EBE L 246, 8.9.1978, bls. 7)

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 906/2004 (Stjtið. EB L 163, 30.4.2004, bls. 49)

IV. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Reglugerð (EBE) nr. 2598/70	Þessi reglugerð
Stök grein	1. gr.
—	2. gr.
—	3. gr.
I. og II. viðauki	I. og II. viðauki
—	III. viðauki
—	IV. viðauki